



# FÉLAG ELDRI BORGARA Á AKUREYRI

Jón Ingi.

---

FERÐAKYNNING 2026

## Sumarferðir innanlands:

**Júní** – Borgarfjörður 4.,5. og 6.

Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur 2.

**Júlí** – Blönduvirkjun 1.

Flatey á Skjálfanda 9.

**Ágúst** – Eyjafjarðarsveit 13,

Út- Kinn 20.

**September** - Dalir 1.,2. og 3.

Slóðir Guðrúnar frá Lundi 13.



# Borgarfjörður

4., 5. og 6.júní

*Ábyrgðarmaður og farastjóri;*

*Halldór Sigurgeirsson*



Fimmtudagur 4.júní.

Lagt af stað frá Akureyri að morgni  
og ekið sem leið liggur að Hvanneyri  
í Borgarfirði.

Gert er ráð fyrir tveimur stuttum  
stoppum á leiðinni.



Fimmtudagur 4.júní (frh.)

Landbúnaðarháskólinn á  
Hvanneyri heimsóttur þar sem  
fræðst verður um sögu skólans og  
staðarins. Guðmundur Sigurðsson  
og félagar úr félagi eldri boðrgara í  
Borgarfirði taka á mótí hópnum.




Fimmtudagur 4.júní (frh.)

Á Hvanneyri verður boði upp á hressingu, súpu og brauð.

Landbúnaðarsafn Íslands og ullarsetrið skoðað.

Ekið að Reykholti þar sem gist verður á Fosshótel Reykholti í 2 nætur.





Föstudagur 5.júní.

Þennan dag verður ekið um

sveitir Borgarfjarðar undir

leiðsögn Ingibjargar

Daníelsdóttur. Komið við á

þekktum og okkur áður

óþekktum stöðum.



## Laugardagur 6.júní

---


Frá Reykholti verður stefnan tekin heim til Akureyrar. Reiknað er með einhverjum útúrdúrum á leiðinni, en stefnt að því að koma í bæinn fyrir kvöldmat.



## Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur mánudagur 22.júní

---

*Ábyrgðarmaður og fararstjóri:  
Helga Sigurðardóttir.*



Heilsdagsferð þar sem gert er ráð fyrir dálítilli göngu.

Ekið sem leið liggur í Ásbyrgi, gegnum Húsavík og fyrir Tjörnes.

Eftir heimsókn í Gljúfrastofu verður farið inn í Byrgið.

Hádegishressing á veitingahúsinu Vegg.





Ekið upp með Jökulsá að vestan. Með stoppum á Langavatnshöfða, í Vesturdal, Hólmatungum og við Dettifoss.

*Frá bílastæði að Dettifossi er um kílómeters gangur hvora leið.*



Heimferð í gegnum Mývatnssveit, með viðkomu á Skútustöðum. Þar er hægt að komast á snyrtingar og kaupa sér einhverja hressingu.

Á Skútustöðum gefst líka möguleiki að heimsækja gestastofuna Gíg.



FÉLAG ELDRI BORGARA  
Á AKUREYRI



## Ferðakynning 2026

1. júlí 2026

Mælifellsdalur og Blönduvirkjun

Fararstjóri er Jón Ingi Einarsson

Dagsferð um Mælifellsdal og skoðun á Blönduvirkjun  
1. júlí 2026



Farið upp úr Skagafirði um Mælifellsdal að Blöndulóni þar sem starfmaður Blönduvirkjunar tekur á móti okkur, sýnir okkur virkjunar svæðið, förum svo í stöðvarhús Blönduvirkjunar sem um 900 m inn í berginu á 230 m dýpi.

Blönduvirkjun býður okkur að lokinni skoðunarferð upp á hressingu.

Síðan verður farin Svínvetningabraut vestur og norður fyrir Svínavatn til Blönduóss og þaðan til Akureyrar.



## Fimmtudagur 9.júlí - Flatey á Skjálfanda

---

*Ábyrgðarmaður:*

*Ásdís Gunnlaugsdóttir.*

Rútuferð frá Akureyri til Húsavíkur.

Brottför frá Hofi klukkan 9:00.

Sigt með Norðursiglingu til Flateyjar.

Siglingin tekur um það bil 1 og ½ klst.

Dvalið verður í eyjunni um 3klst þar sem boðið verður upp á leiðsögn.

Þátttakendur hafa með sér nesti, en hægt verður að fá te eða kaffi.

Snyrtingar eru á staðnum.





Byggð var í Flatey frá 12 öld fram til á síns  
1967 þegar eyjaskeggjar ákváðu í

sameiningu að flytja í land vegna  
einangrunar. Flestir fluttu til Húsavíkur.

Íbúafjöldinn var mestur, 120 manns  
um 1943.

Fiskveiðar voru aðalvinnuvegur  
eyjaskeggja auk kvikfjárræktar.

---

Fyrir áhugasama er fróðlegt að hlusta á þættina

„Tilraun sem stóð í 1000 ár“

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/tilraun-sem-stod-i-thusund-ar/37882>



Fimmtudagur 13.ágúst

Eyjafjarðarsveit

---

*Ábyrgðarmaður:*

*Halldór Sigurgeirsson.*



Þægileg dagsferð um Eyjafjarðarsveit undir leiðsögn heimamannsins Halldórs Sigurgeirssonar.

---

Komið verður við á ýmsum spennandi stöðum.

Um einskonar óvissuferð er hér að ræða 😊

Þættirnir „Sölvadalur“ segja frá lífi í Eyjafirði fram á 20.öldinni  
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/solvadalur/38617/bg8v4h>



Fimmtudagur 20.ágúst

Út- Kinn.

---

*Ábyrgðarmaður: Helga Sigurðardóttir*

Stutt og þægileg hálf-dagsferð um

Köldukinn.



---

Hlöðver Pétur Hlöðversson á Björgum mun leiða hópinn um norður hluta sveitarinna, hina eiginlegu Út-Kinn.

Vélaverkstæðið í Árteigi verður heimsótt og á heimleiðinni verður komið við í Samgönguminjasafninu í Ystafelli.



FÉLAG ELDRI BORGARA  
Á AKUREYRI



## **Ferðakynning 2026**

**1. - 3. sept.**

**Dalir og Snæfellsnes**

**Fararstjóri er Jón Ingi Einarsson**



**Þriggja dagaferð um Dali og Snæfellsnes 1. – 3. september.**

**Gisting í tvær nætur á Dalahótel í Sælingsdal.**

**Innifalið:**

**Gisting tvær nætur og þriggja rétta kvöldverður ásamt morgunverði.  
Miðdagshressing alla dagana þ.e. súpa, brauð og kaffi.  
Rútuferð, leiðsögumaður og fararstjórn.**



## Brottför kl. 8:30

Keyrt Laxárdalsheiði til Búðardals með sjoppustoppi á Blönduósi.

Í Búðardal fáum við hádegishressingu.

- **Erpsstaðir** þar er kúabú, mjólkurvinnsla og ferðaþjónusta. Á sumrin er opin verzlun og ísbúð. Þar er einnig búið að koma upp ágætis afþreyingu fyrir gesti meðan stoppað er og sveitasælunar notið.
- **Eiríksstaði** reistur hefur verið tilgátubær Eiríks rauða Þorvaldssonar og konu hans Þjóðhildar Jörundardóttur sem var vígður árið 2000.




# DALIR

- **Hvammur í Dölum** kirkjustaður í Hvammssveit. Bærinn er fornt höfðingjasetur og landnámsjörð og síðar var þar prestssetur. Auður djúpúðga Ketilsdóttir nam að sögn allt land meðfram Hvammsfirði og bjó í Hvammi.
- **Dalahótel** er staðsett í fallegum og rólegum dal. Staðurinn er frægur frá fornöld, en þar bjó Guðrún Ósvífursdóttir sem var ein aðalpersónum Íslendingasagna. Þar gistum við í tvær nætur.




# Dagur 2

Frá Dalahótel um Snæfellsnes



# SNÆFELLSNES


- Ekki er fullmótuð dagskrá ferðar um Snæfellsnes en stoppað verður í **Grundarfirði** og í **Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi** þar sem við fáum hádegishressingu.
- Aðrir stoppustaðir eru í höndum leiðsögumanns sem er vanur leiðsögn um þetta svæði.



# SNÆFELLSNES

- Í Þjóðgarðinum á Snæfellsnesi er náttúrufegurðin alveg einstök og okkar leiðsögumaður leiðir okkur um svæðið.
- Hér eru myndir frá þessu svæði.





 5 klst. 30 mín.  
414 km

**Dagur 3**  
Frá Dalahótel í Ólafsdal, fyrir Klofning og til Akureyrar

Ísland

# Ólafsdalur - Klofningur

- **Ólafsdalur** litið dalverpi suður frá Gilsfirði, þar er bær samnefndur. Þar reisti Torfi Bjarnason fyrsta búnaðarskóla á Íslandi 1880 og starfaði hann til 1907. Skólahúsið stendur enn og er þar nú safn um sögu skólans. Er nú unnið að endurreisa staðinn.
- Á leiðinni fyrir **Klofning** er fagurt útsýni yfir Breiðafjörð með allar sýnar eyjar. Þar eru höfuðból og margar merkir staðir. Staðkunnugur leiðsögumaður verður með í för um Dalina eins og á Snæfellsnesi.



# Á HEIMLEIÐ

Á heimleið fáum við hádegishressingu í **Búðardal** og höldum síðan til Akureyrar





Ferð á slóðir Guðrúnar frá Lundi  
sunnudaginn 13.september.


---

Ábyrgðarmaður Bragi Guðmundsson

## Lagt af stað frá Hofi.

Ekið sem leið liggur um Öxnadalsheiði vestur í Skagafjörð.

Staðkunnur leiðsögumaður Kristín Sigurlaug Einarsdóttir mun leiða ferðina og segja frá Guðrúnu og stoppa á völdum stöðum sem tengjast lífshlaupi hennar.





Meðal annars verður farið að Lundi í Fljótum, fæðingastað Guðrúnar.

---

Stoppað verður á Ketilási þar sem boðið verður til kaffisamsætis að hætti Guðrúnar.



Ekið heim um Lágheiði.

*Guðrún var um árabil mest lesni rithöfundur þjóðarinnar og bækur hennar njóta enn mikilla vinsælda.*



FÉLAG ELDRI BORGARA  
Á AKUREYRI


# Sólarlandaferðir

---

# 2026

# Króatía

*9. - 21. maí*



**Aminess Laurel Khalani Hotel**

**SÉRTILBOÐ!**



FÉLAG ELÐRI BORGARA  
Á AKUREYRI

**BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI**



# Sól, slökun og suðrænn lúxus við Adríahafið

Njótið vorblíðunnar á einum fegursta strandstað Króatíu í notalegri og vel skipulagðri hópferð sérstaklega sniðinni að eldri borgurum á Akureyri. Ferðin sameinar þægindi, gæði og afslöppun í glæsilegu umhverfi, þar sem rík áhersla er lögð á góða þjónustu, ljúfa stemningu og áhugaverðar kynnisferðir á rólegum hraða. Dvalið er á fyrsta flokks 5 stjörnu hóteli við sjóinn, með frábærri aðstöðu, stuttri göngufjarlægð í bæjarlíf og einstakt útsýni yfir kristaltært Adríahafið. Með íslenskri fararstjórn, beinu flugi frá Akureyri og hálfu fæði er allt lagt upp með áhyggjulausa og eftirminnilega ferð þar sem vellíðan og upplifun eru í fyrirrúmi.

## Hótelið

Hótelið er staðsett við bæinn Makarska á Dalmatíuströndinni í um 1 klst akstur suður af Split. Í Makarska búa um 13 þúsund manns. Aminess Khalani er dásamlegt hótél sem býður upp á frábært útsýni yfir hafið. Útisundlaugar, líkamsrækt, heilsulind og fleira gerir það upplagt er að nota glæsilega aðstöðu hótelsins. Ströndin liggur örfáa metra frá hótelinu og því tilvalið að fá sér sundsprett í Adríahafinu, enda eru strendur Króatíu rómaðar fyrir kristaltæran sjó. Hótelið er í um 20 mín göngufjarlægð frá miðbæ Markeska og nálægt ósnortinni náttúru.

## Verð

**348.900**

á mann m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði

**482.300**

m.v. 1 í herbergi með hálfu fæði

## Innifalið

- Beint flug frá Akureyri til Split
- 20 kg farangur + 8 kg handfarangur
- 12 nætur á 5\* hótelinu Aminess Khalani
- Morgun- og kvöldverður alla daga.
- Akstur til og frá flugvelli
- Íslensk fararstjórn



Ása Marin og Ágústa Sigrún eru reynslumiklir og hlýlegir fararstjórar sem leggja áherslu á öryggi, vellíðan og góða stemningu. Með fagmennsku, víðtækri þekkingu og persónulegri nærveru sjá þær til þess að ferðin sé vel skipulögð og farin á þægilegum hraða, með ánægjulega

# Calabria

29. september - 8. október

TUI MAGIC LIFE 4★

ALLT INNIFALIÐ!



Í SAMVINNU VIÐ  
FÉLAG ELÐRI BORGARA  
Á AKUREYRI

BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI



CALABRIA 29/9 - 8/10 (9 nætur)

# CALABRIA 29/9 - 8/10 (9 nætur)

Í hjarta Calabria, einu fallegasta héraði Suður-Ítalíu, bíður þín paradís af sól, afslöppun og ævintýrum. Á TUI Magic Life hótelinu færðu allt sem þú þarft til að njóta lífsins til fulls: Hótelid stendur eitt og sér alveg við ströndina og er svokallað "resort" hótél sem myndar einskonar þorp með mikilli aðstöðu og þjónustu - líf og fjör frá morgni til kvölds.

Nokkrar sundlaugar og veitingarstaðir, skemmtanir og "allt innifalið". Spennandi skoðunarferðir í boði og margt að skoða. Hvort sem það eru heillandi strandbæjirnir Tropea, Pizzo og Scilla, dagsferð til Sikileyjar eða sigling til Stromboli sem heilla, þá er nóg að skoða og upplifa.

## INNIFALIÐ

- Beint flug frá Akureyri
- Flugvallaskattar
- Full farangursheimild
- Gisting í 9 nætur á TUI Magic Life 4\* með "allt innifalið"
- Akstur til og frá flugvelli
- Traust fararsjóm: Ágústa Sigrún og Hera Sigurðardóttir.
- Morgunflug út og síðdegisflug heim. Flugtími um 5 klst.

### Ekki innifalið:

- Ferðamannaskattur (ca. 4þ. isk).
- Valkvæðar skoðunarferðir.

Verð **ALLT INNIFALIÐ!**

**289.900 kr.**

á mann m.v. 2 saman í herbergi með ALLT INNIFALIÐ

**379.900 kr.**

á mann m.v. einn í herbergi með ALLT INNIFALIÐ

**324.900 kr.**

á mann m.v. 2 í herbergi með ALLT INNIFALIÐ  
PRIVATE LODGE





## Tui Magic Life 4\*

- TUI Magic Life er mjög gott hótél í Calabria, þar sem boðið er upp á “allt innifalið”. Hótelið stendur eitt og sér alveg við ströndina en er svokallað “resort” hótél með mikilli aðstöðu og þjónustu.
- Fallegt resort sem myndar eins konar þorp, líf og fjör frá morgni til kvölds. Fjölmargar íþróttir og afþreying í boði og flott skemmtidagskrá öll kvöld í leikhúsi hótelsins sem stendur í miðju þorpinu.
- Einnig flott fundaraðstaða og salir sem hægt er að leigja, staðsett í sér byggingu.
- Á hótelsvæðinu er lítil verslun þar sem hægt er að nálgast allt það helsta s.s. snyrtivörur, fatnað, matvöru frá héraði og ýmsan annan varning.
- Fallegur garður og beinu aðgengi að sandströnd með frábærri sólbaðsaðstöðu. Gengið er um 5 mínútur í gegnum skógi vaxið svæði að ströndinni.
- Sundlaugargarðurinn er stór og rúmgóður með 5 sundlaugum.

# Costa del Sol



25. október - 12. nóvember

PARASOL BY DOROBÉ 4 ★



Í SAMVINNU VÍÐ  
FÉLAG ELÐRI BORGARA  
Á AKUREYRI

BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI

COSTA DEL SOL 25/10 - 12/11 (19 nætur)

✳️ Upplifðu sólina, menninguna og lífsgleðina í Andalúsíu! Suður-Spánn og Andalúsíuhérað bíður! Dvalið er á endurnýjuðu hóteli Parasol by Dorobe 4\* í strandbænum Torremolinos, örstutt frá ströndinni. Búið er endurnýja mikið á hótelinu, m.a. herbergin sem eru öll með svölum og baðherbergin með sturtu.

Hótelið er vel staðsett í rólegu umhverfi í um 20 mín akstri frá Malaga sem er heillandi stórborg, ein elsta borg Spánar og fæðingarstaður listmálarans Picasso. Meðalhiti í kringum 22°C yfir daginn í nóvember. Margt að skoða og sjá. Ronda með hinu fræga gljúfri sem skiptir nýja og gamla hlutanum í tvennt, Granada og glæsilega Alhambra höllin, Gíbraltar og svo margt fleira.

## INNIFALIÐ

- Beint flug frá Akureyri
- Flugvallarskattar
- Full farangursheimild
- Akstur til og frá flugvelli
- Gisting í 18 nætur með hálfu fæði + drykk með kvöldverði
- Íslensk fararstjórn og hjúkunarfræðingur.
- Dagskrá að hætti fararstjóra... Leikfimi, gönguferðir og fleira.
- Morgunflug út og seinnipartsflug heim. Flugtími um 4:30 klst.

Ekki innifalið:

- Vallvæðar skoðunarferðir (kynnirar síðar).


Verð

**289.900 kr.**

á mann m.v. 2 saman í herbergi með **HÁLFU FÆÐI & DRYKK MED KVÖLDVERDI**

**359.900 kr.**

á mann m.v. einn í herbergi með **HÁLFU FÆÐI & DRYKK MED KVÖLDVERDI**



**Heimsferðir**



**461 1099**

**akureyri@heimsferdir.is**

# PARASOL by Dorobe ★★★★★



**Parasol by Dorobe** er að miklu leyti nýuppgerð og einhverjar framkvæmdir eru að klárast nú í vetur!

Er staðsett á Playamar svæðinu í Torremolinos rétt um 150 metra frá ströndinni og í um 950 m frá miðbænum í Torremolinos. Strætó sem gengur inn í miðborg Malaga stoppar rétt hjá hótelinu.

Hótelið er í 15 – 20 mínútna akstursfjarlægð frá Malaga og flugvöllinum.

Öll herbergi með svölum og garð/sundlaugasýn, með walk-in sturtu á baðherbergjum, loftkælingu, þráðlaust net, minibar, öryggishólf (gegn gjaldi). Reyklaus herbergi.



Heimsferðir Akureyri  
[akureyri@heimsferdir.is](mailto:akureyri@heimsferdir.is)  
Sími 461 1099



***Heimsferðir***



# Síðast en ekki síst – jólahlaðborð 26.nóvember.

---

Að venju verður jólahlaðborð á aðventunni.

Tekið var tilboði frá Sel – hótél Mývatn.

Dagskráin er ekki fullmótuð, en eitthvað verður boðið upp á annað en góðan mat.

